

öðlast gildi 5. nóv. 1981 með tilvísan til auglýsingar nr. 619/1981 og birtist til eftirbreynti öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 24. nóvember 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

24. nóvember 1981.

Nr. 784.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Hveragerðis nr. 306 9. október 1974, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjöld:

1. Gróðurhús 100 m² og stærri, kr. 99,00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

2. Önnur hús kr. 39,20 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

b. Vatnsgjöld:

1. Gróðurhús kr. 23,10 á mánuði fyrir hvern mínútulíttra.

2. Önnur hús kr. 66,00 á mánuði fyrir hvern mínútulíttra.

6. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Heimæðagjöld (tengigjöld) eru sem hér segir fyrir hverja heimæð:

Hús allt að 300 m³ kr. 9 364,00,

Hús 300—2 000 m³ kr. 9 364,00 fyrir 300 m³ og kr. 6,90 fyrir hvern m³ þar yfir.

Hús stærri en 2 000 m³ kr. 21 262,00 fyrir 2 000 m³ og kr. 5,80 fyrir hvern m³ þar yfir.

Stofngjald fyrir hvern aukahemil á sama inntaki er kr. 943,00.

7. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld skv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 811 stig. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 5. nóv. 1981 með tilvísun til auglýsingar nr. 619/1981 og birtist til eftirbreynti öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 24. nóvember 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

24. nóvember 1981.

Nr. 785.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Porlákshafnar nr. 269 28. maí 1980.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Fyrir afnot af heitu vatni (varmaorku) úr veitukerfi hitaveitunnar skal greiða orkugjald.

a. Samkvæmt magnhemli kr. 275,30 fyrir hvern mínútulíttra á mánuði.

b. Samkvæmt vatnsmæli kr. 13,78 fyrir hvern rúmmetra vatns.